

Terra umhverfisþjónusta hf.  
Berghella 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 6.11.2023  
UST202301-246/F.T.  
08.14.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. október 2023 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í Terru Umhverfisþjónustu hf. á Rangárvöllum á Akureyri þann 5. september 2023. Þann 3. nóvember 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Þrjú frávík komu fram, óskað var eftir úrbótaáætlun vegna eftirfarandi:

- Gr. 5.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vakta samsetningu frárennslisvatns, bæði innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu sem og úttak olíuskilju einu sinni á ári, þ.e. fyrir 1. október ár hvert. Skal niðurstöðum þeirra mælinga skilað samfara niðurstöðum skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið óskað eftir búnaði til mælinga frá Verkís. Starfsmaður Terra sér um að taka mælingar og sendir til Verkís til greiningar. Mælingar munu vera gerðar í vikunni 6.-10. nóvember. Niðurstöður mælinga verða sendar til Umhverfisstofnunar um leið og Terra fær þær sendar. Vöktunarskrá verður sett upp vegna reksturs frárennsliskerfis, SKR-Frárennsliskerfi Norðurland, vistuð í miðlægu skjalakerfi félagsins. Framangreindu skal lokið fyrir 31. desember 2023.**
- Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Niðurstöður skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi skal skilað af rekstraraðila fyrir 1. maí árlega. Hægt er að vísa til skýrslu um grænt bókhald ef ofangreindar niðurstöður koma fram í bókhaldinu. Ekki koma fram allar skráningar í grænu bókhaldi ársins 2022. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að verklag vegna vöktunar og skráningar á spilliefnum og raf- og rafeindatækjaúrgangi verði yfirfarið og endurútgefið. Gátlisti vegna atriða sem þarf að uppfylla vegna starfsleyfis verði einnig uppfærður og gefinn út og síðan notaður í innri úttektum hjá rekstraraðila. Innleiðing á gátlista og úrbótum skal lokið fyrir 31. desember 2023. Rekstraraðili hefur sett í vöktun í innra kerfi að skila inn grænu bókhaldi 1. maí 2024.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius  
*lögfræðingur*

Halla Margrét Viðarsdóttir  
*sérfræðingur*